

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Húnaþingi vestra.

1. gr.

Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Húnaþingi vestra er samþykkt af sveitarstjórn Húnaþings vestra með vísan til samþykktar nr. 159/2000 um söfnun og förgun úrgangsefna í Húnaþingi vestra.

2. gr.

Sorphirðugjald fyrir árið 2012 er sem hér segir:

Sorpgjald á íbúðarhúsnæði	kr. 28.500
Sorpeyðingargjald, sumarbústaðir og íbúðir í dreifbýli þar sem ekki er hirt sorp	kr. 14.000

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af sveitarstjórn Húnaþings vestra þann 8. mars 2012, samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, ásamt síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu í Stjórnartíðindum. Gjaldskrá nr. 197/2012 fellur úr gildi á sama tíma.

Hvammstanga, 8. mars 2012.

Skúli Þórðarson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 12. mars 2012